

Alþingi
Erindi nr. P 130/2358
komudagur 6.5.2004

Morgunblaðið

STOFNAD 1913

KRINGLAN 1

PÓSTHÓLF 3040

103 REYKJAVÍK

SÍMI 569 1100

TELEFAX 568 1811

Allsherjarnefnd Alþingis
Hr. alþm. Bjarni Benediktsson form.
Alþingi við Austurvöll

Vegna frumvarps til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993 ásamt fylgiskjali, greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi, vill stjórn Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins taka fram eftirfarandi.

Stjórnin getur fallist á greiningu nefndarinnar um stöðuna á íslenskum fjölmiðlamarkaði og þá niðurstöðu hennar að hún hafi einkenni samþjöppunar. Stjórn Árvakurs hf. er sammála því að hamlað verði gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar.



Stjórnin telur hinsvegar framkomið lagafrumvarp ganga of langt og fela í sér óþarflega röskun á starfsumhverfi fjölmiðlafyrirtækja í ljósvakamiðlun.

Stjórnin mótmælir jafnframt harðlega því að gert skuli ráð fyrir í frumvarpinu að útgefendum dagblaða verði óheimilt að fara með útvarpsleyfi. Stjórnin telur að þær takmarkanir sem í þessu felast fyrir starfsemi dagblaðanna séu óviðunandi. Þar sem framkomið lagafrumvarp virðist á hinn bóginn ekki snerta útgefendur dagblaða beint með öðrum hætti telur stjórnin ekki ástæðu til að tjá sig um efni frumvarpsins umfram það sem að framan greinir.

Hvað meðferð þessa mikilvæga máls í heild sinni varðar, átelur stjórn Árvakurs hf. hversu skammur tími virðist ætlaður til umræðu um það, sem leiðir til alvarlegrar óvissu um farsælar lyktir þess og hugsanleg áhrif til lengri tíma litið.

Reykjavík, 6. maí 2004.

Fh. stjórnar Árvakurs hf.


Haraldur Sveinsson, form.

Stefn P. Eggertsson, varaform.